

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Njáli Trausta Friðbertssyni um þyrluflug og Landspítalann.

1. *Er þyrlupallur sem teiknaður er á tengibyggingu Nýja Landspítalans (rannsóknarbyggingu) við meðferðarkjarnann samþykktur af flugmálayfirvöldum og tekinn út af Landhelgisgæslunni, varðandi t.d. aðflugsferla, öryggissvæði og stærð, miðað við staðsetningu á 5–6 hæða byggingu?*

Þyrlupallur er sýndur á þaki rannsóknahúss hins Nýja Landspítala á deiliskipulagsstigi og á forhönnunarstigi hússins. Rétt eins og rannsóknahúsið sjálft hefur þyrlupallurinn ekki verið fullhannaður og því hefur pallurinn ekki farið í formlegt úttektar- og samþykktarferli hjá flugmálayfirvöldum. Það er ekki gert á þessu stigi. Á forhönnunarstigi rannsóknahússins voru hins vegar teiknaðir að- og fráflugsferlar miðað við þá staðsetningu sem um ræðir og öryggissvæði reiknuð og teiknuð. Í þessu hönnunarferli var ávallt reiknað með að stærð pallsins væri þannig að ívið stærri þyrlur en Landhelgisgæslan hefur yfir að ráða í dag gætu lent þar. Stærðarviðmið þyrlupalla eru tekin úr töflu í alþjóðlegum hönnunarstaðli og hefur því aldrei leikið neinn vafi á því hver stærð pallsins eigi að vera. Þrátt fyrir að þyrlupallurinn hafi ekki farið í formlegt samþykktarferli enn hafa verið haldnir samræmingar- og kynningarfundir á vegum Nýs Landspítala ohf. með Landhelgisgæslunni, ISAVIA og Samgöngustofu. Á þessum samræmingarfundum er farið yfir flugferla og öryggissvæði og tekið tillit til athugasemda þessara aðila við breytingar og hönnunarþróun ferlanna.

2. *Hefði þyrlupallurinn þurft að vera stærri?*

Sjá svar við 1. lið. Ekki er talið að þyrlupallurinn þurfi að vera stærri enda gerir hönnunin ráð fyrir að næsti stærðarflokkur fyrir ofan þyrlur Landhelgisgæslunnar geti lent á pallinum.

3. *Hefur verið farið yfir þessa þætti eftir að neyðarbrautinni var lokað?*

Lokun brautarinnar hefur ekki áhrif á þyrluflug á umræddan þyrlupall.

4. *Er miðað við að allt þyrluflug með sjúklinga og slasaða til Reykjavíkur fari til Landspítalans eða bara hluti þess?*

Miðað er við að allir sjúklingar sem koma með þyrluflugi til Reykjavíkur fari á Landspítalann þar sem bráðapjónustan er, en sjúkrahús í nágrennasveitarfélögunum geta tekið við sjúklingum í neyðartilfellum.

5. *Hver er hámarksþyngd vélar sem má lenda þar og er gert ráð fyrir sams konar þyrlum og Landhelgisgæslan hefur nú yfir að ráða?*

Sjá svör við 1. og 2. lið.